

Miðvikudaginn 30. desember 1998.

Nr. 473/1998.

M

(sjálfur)

gegen

K

(Halldór Þ. Birgisson hdl.)

Kærumál. Börn. Meðlag. Aðför. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. nóvember 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 3. desember 1998. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 9. nóvember 1998, þar sem staðfest var fjárnám, sem gert var 23. janúar 1998 í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni ... í Hafnarfirði fyrir kröfu varnaraðila, að fjárhæð 606.417 krónur, auk dráttarvaxta og kostnaðar. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og fjárnáminu hrundið. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur, og að auki krefst hún málskostnaðar í héraði, eins og málið sé ekki gjafsóknarmál. Einnig krefst varnaraðili kærumálskostnaðar, eins og málið sé ekki gjafsóknarmál, en hún fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili hefur ekki kært úrskurð héraðsdóms fyrir sitt leyti. Kemur því krafa hennar um málskostnað í héraði ekki til álita.

Hið umdeilda fjárnám var gert til fullnustu kröfum varnaraðila vegna vangoldins meðlags sóknaraðila með einu barni málsaðila. Meðlagskröfur þessar féllu í gjalddaga á tímabilinu frá og með 1. apríl 1994 til og með 1. september 1997. Er höfuðstóll þeirra 453.510 krónur, en að viðbættum dráttarvöxtum og kostnaði nam fjárnámskrafan alls 606.417 krónum.

Sóknaraðili heldur því meðal annars fram, að varnaraðili hafi ekki haft meiri útgjöld af barninu en nemur barnabótum og ein-

földu meðlagi með því. Í því sambandi fullyrðir sóknaraðili, að barnið hafi frá vorinu 1997 dvalist eingöngu hjá sér. Auk þess hafi barnið áður dvalist mikið hjá sóknaraðila, allt frá því að málsaðilar skildu. Hefur sóknaraðili þessu til stuðnings lagt fyrir Hæstarétt yfirlýsingu frá móður sinni og systur 20. nóvember 1998, þar sem meðal annars segir, að á tímabilinu frá maí 1997 til nóvember 1998 hafi barnið eingöngu dvalist hjá sóknaraðila.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði, hefur sóknaraðili ekki nýtt sér það úrræði samkvæmt 1. mgr. 16. gr. barnalaga nr. 20/1992 að gera kröfu til þess, að sýslumaður breyti meðlagsúrskurði á grundvelli breyttra haga foreldra og barns.

Pykir mega staðfesta hinn kærða úrskurð samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísun til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur. Gjafsóknarkostnaður varnaraðila fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður varnaraðila, K, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, 50.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 9. nóvember 1998.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 5. nóvember sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er M, ..., Hafnarfirði.

Varnaraðili er K, ..., Hafnarfirði.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að fellt verði úr gildi fjárnám, sem fram fór hjá sýslumanni í Hafnarfirði að kröfu varnaraðila í fasteigninni ..., Hafnarfirði, ..., eign sóknaraðila. Til vara krefst sóknaraðili þess, að fjárnámið verði fellt úr gildi að því leyti, sem það nær til tryggingar innheimtuþóknunar, að fjárhæð 44.943 krónur, og dráttarvaxta að því marki, sem þeir eru reiknaðir af höfuðstól kröfunnar, til 5. desember 1996. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að kröfum sóknaraðila í málinu verði hafnað og staðfest verði fjárnám, sem fram fór hjá embætti sýslumannsins í Hafnar-

firði, þar sem gert var fjárnám að kröfu varnaraðila í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni ..., Hafnarfirði, fyrir fjárkröfu, að fjárhæð 606.417 krónur, auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Sóknaraðili málsins er skipaður héraðsdómari í Héraðsdómi Reykjaness. Hann og aðrir reglulegir héraðsdómarar þar viku því sæti í málinu. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 13. mars 1998, var Eggert Óskarsson, héraðsdómari í Reykjavík, settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness til þess að fara með málið.

I.

Málsatvik.

Aðilar máls gengu í hjónaband árið ..., en slitu samvistir í ... Þau fengu skilnað að borði og sæng í ... og lögskilnað í ... Saman eiga aðilar börnin A, B, C og D. Sóknaraðili hefur forsjá B og C og fær greitt með hvoru barni einfalt lágmarksmeðlag úr hendi varnaraðila, sem hefur forsjá D. Sóknaraðili hefur greitt einfalt meðlag með D.

Með bréfi til sýslumannsins í Hafnarfirði, ..., fór varnaraðili fram á, að sóknaraðila yrði gert að greiða meðlag með drengnum D, er næmi þreföldu lágmarksmeðlagi, frá ... til átján ára aldurs hans.

Með úrskurði sýslumanns, upp kveðnum ..., var sóknaraðila gert að greiða varnaraðila tvöfalt lágmarksmeðlag með drengnum D frá ... til átján ára aldurs hans.

Með bréfi til dómsmálaráðuneytis, ..., kærði sóknaraðili úrskurðinn til ráðuneytisins.

Í úrskurði ráðuneytisins ... var hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir sýslumann að taka meðlagsmálið til meðferðar að nýju.

Með úrskurði sýslumanns í Hafnarfirði ... var sóknaraðila gert að greiða varnaraðila tvöfalt lágmarksmeðlag með drengnum D frá ... til átján ára aldurs hans.

Með bréfi sóknaraðila, sem dómsmálaráðuneytinu barst ..., var krafist ógildingar á framangreindum úrskurði, en til vara lýst yfir kæru.

Með úrskurði dómsmálaráðuneytis ... var synjað kröfu sóknaraðila um ógildingu meðlagsúrskurðar, upp kveðins ... s. á.

Með úrskurði ... staðfesti dómsmálaráðuneytið úrskurð sýslumanns í Hafnarfirði frá ..., þess efnis, að sóknaraðili skyldi greiða tvöfalt meðlag með syni sínum, D, frá ... til átján ára aldurs drengsins.

... var krafist fjárnáms hjá sóknaraðila til tryggingar á meðlagsskuldinni ásamt áföllnum kostnaði, samtals að fjárhæð 463.461 kr. Samkvæmt endur-

riti úr gerðabók sýslumannsins í Hafnarfirði fór fram ... fjárnám í fasteign sóknaraðila að ..., Hafnarfirði.

Með bréfi, dags. ..., til Héraðsdóms Reykjaness krafðist sóknaraðili þess, að fjárnámið yrði felld úr gildi. Með úrskurði dómsins, upp kveðnum ..., var fjárnámið staðfest. Sóknaraðili kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, sem felldi úrskurðinn og fjárnámið úr gildi ... vegna formgalla.

... var að nýju gert fjárnám hjá sóknaraðila til tryggingar meðlagsskuldinni ásamt áföllnum kostnaði, samtals að fjárhæð 606.417 kr.

Með beiðni sóknaraðila, ..., var krafist úrlausnar héraðsdóms um gildi fjárnámsins, og er sú krafa til úrlausnar í máli þessu.

Með úrskurði dómsins, upp kveðnum ..., var hafnað beiðni sóknaraðila um vitnaleiðslur í málinu.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. ..., fékk varnaraðili gjafsókn í málinu.

II.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila.

Sóknaraðili rekur mál þetta á grundvelli 15. kafla laga nr. 90/1989 um aðför, og miða málsástæður hans að því að hnekkja fyrir fram gildri aðfararheimild, þ. e. úrskurði stjórnvalds, skv. 5. tl. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga, sbr. 24. gr. barnalaga nr. 20/1992. Engin takmörk séu gerð á því í 14. og 15. kafla aðfararlaga, um hvaða atriði dómstóll geti fjallað í sambandi við ágreining um aðfarargerð, og geti hann þurft að taka afstöðu til grundvallaratriða í réttarsambandi aðila, sbr. greinargerð með 90. gr. aðfararlaga. Við mat á gildi aðfararheimilda sé dómstóll bær að fjalla um gildi úrlausnar stjórnvalds, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar. Sóknaraðili telur því ljóst, að hann geti, án takmarkana, borið fyrir sig allar þær málsástæður, sem gætu orðið grundvöllur að ógildingu stjórnvaldsákvörðunar í almennu dómsmáli.

Sóknaraðili telur dómstólinn eiga að fjalla bæði um form og efni þess úrskurðar, sem fyrir liggir, og leggja sjálfstætt mat á, hvernig beri að túlka ákvæði 2. mgr. 10. gr. barnalaga. Dómstóll skoði því sjálfstætt, hvaða meðlagsfjárhæð teljist rétt samkvæmt lagaákvæðinu, miðað við þær aðstæður, sem séu í máli þessu. Lita meg einnig til 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, þar sem segi, að menn eigi rétt til réttlátrar og óvilhallrar málsmeðferðar fyrir sjálfstæðum dómstóli. Sá réttur sé ekki tryggður, nema dómstóll fjalli um forsendur stjórnvaldsákvæðana eins og þeirrar, sem hér liggja fyrir.

Sóknaraðili telur málsmeðferð úrskurðaraðila hafa verið stórlega ábótavant að því leyti, að sóknaraðila hafi ekki verið kynnt þau gögn, sem

varnaraðili hafi lagt fram í málinu, og andmælareglu hafi iðulega ekki verið gætt gagnvart sóknaraðila. Sóknaraðili telur þó ekki í þessu máli, að ógilda eigi fjárnámið vegna brota stjórnvalds á andmælareglu og upplýsingaskyldu, sbr. 13. og 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Sóknaraðili bendir á, að samkvæmt svokölluðum viðmiðunarreglum dómsmálaráðuneytis sé tíundað, hvernig reikna eigi út aukið meðlag miðað við laun meðlagsgreiðanda. Þessar reglur séu mjög andsnúnar körlum. Miðað sé við heildarlaun (brúttólaun) og slegið mælistiku á þá fjárhæð. Ekkert tillit sé tekið til skatta og þeirrar staðreyndar, að karl með tekjur yfir 200.000 kr. á mánuði lendi í skerðingu á öllum ívilnunum skattakerfisins. Ekki komi fram mikil samúð með þeim körlum, sem hafi tekið að sér forsjá barna. Lítið sem ekkert tillit sé tekið til þess. Ekki sé tekið tillit til skulda. Alvarlegasti ágallinn sé þó sá, að úrskurðaraðili hafi stýtt sér leið og fundið upp „puttareglu“, sem mæli aðeins laun meðlagsgreiðanda (karlsins). Í reynd hafi hinn matskenndu reglu 2. mgr. 10. gr. barnalaga verið vikið til hliðar. Í þeim úrskurðum, sem gengið hafa hjá stjórnvöldum, hafi einungis verið miðað við, að mikill munur sé á tekjum aðila. Sóknaraðili telur, að málið hafi ekki verið tekið til athugunar í heild í samræmi við fyrrgreint ákvæði barnalaga.

Sóknaraðili bendir á, að krafa varnaraðila miðist ekki við, að barnið D hafi einhverjar sérþarfir, sem þurfi að fullnægja með sérstökum fjárframlögum. Sóknaraðili heldur því fram, að varnaraðili hafi ekki haft meiri útgjöld af barninu D en nemur barnabótum og einföldu meðlagi hans. Sé þessi málsástæða grundvölluð á því, að D hafi dvalist mikið hjá sóknaraðila, allt frá skilnaði foreldra. Í fyrstu hafi hann verið nær undantekningarlaust allar helgar hjá sóknaraðila, í jólaleyfum, páskaleyfum og á sumrum. Fljótlega hafi hann einnig farið að venja komur sínar til sóknaraðila á virkum dögum eftir skóla kl. 17. Hafi hann þá dvalist hjá sóknaraðila fram á kvöld og farið heim til sín til þess að sofa. Að meginstefnu til hafi D dvalist hjá sóknaraðila frá vori 1997. Síðastliðinn vetur hafi hann stundað skóla frá heimili sóknaraðila. Af þessum sökum hafi framfærsla varnaraðila vegna barnsins verið minni en ætla mætti. Framlag sóknaraðila fyrir utan meðlagsgreiðslur hafi aftur á móti verið mun meira en almennt gerist.

Það er málsástæða af hálfu sóknaraðila, að það sé grundvallarskilyrði fyrir því að úrskurða aukið meðlag, að meðlagskrefjandi axli þá ábyrgð, sem fylgi því að hafa forsjá barns. Meðlagskrefjandi, sem láti meðlagsgreiðanda annast um barn, svo að mánuðum skipti, án alls samráðs við meðlagsgreiðanda, geti ekki jafnframt gert kröfu um aukið meðlag.

Um aflahæfi aðila tekur sóknaraðili fram, að laun sín séu að sönnu mun

hærri en laun varnaraðila. Báðir aðilar séu þó ríkisstarfsmenn með háskóla-
menntun og teljist hvorki hátekju- né lágtekjufólk. Sóknaraðili bendir á, að
varnaraðili sé háskólamenntaður hjúkrunarfræðingur. Laun hennar eins og
fleiri stétta fari eftir vaktavinnu og yfirvinnu, en grunnkaup dagvinnu sé til-
tölulega lágt. Varnaraðili hafi kosið að vinna einungis dagvinnu og ganga
ekki vaktir. Hún hafi einnig kosið að vinna ekki fullt starf og ekki allt árið.
Aflahæfi hennar sé því umtalsvert meira en fram komi í gögnum málsins.

Þá heldur sóknaraðili því fram, að fjárhagsaðstæður sínar, eins og þær
voru við skilnað, gefi ekki tilefni til ákvörðunar um tvöfalt meðlag. Við
skoðun á fjárhagsstöðu, eins og gert sé ráð fyrir í 2. mgr. 10. gr. barnalaga,
verði að líta til tveggja meginþátta, annars vegar eigna- og skuldastöðu og
hins vegar ráðstöfunartekna. Um eignastöðu bendir sóknaraðili á, að sam-
kvæmt skattframtali sínu 1997 komi fram, að eignir sínar séu íbúð í fjöl-
býlishúsi, að fasteignamati 6.786.000 kr., og bifreið, að verðmæti 650.000
kr., samtals 7.436.000 kr. Skuldir sóknaraðila í árslok 1995 nemi 4.891.970
kr., 4.738.275 kr. í árslok 1996 og 4.792.473 kr. í árslok 1997. Fasteign hafi
verið óbreytt og smávægileg breyting á bifreiðakosti. Hrein eign sé því í lok
síðasta árs 2.643.527 kr. Eins og sjá megi á þessum tölum, hafi ekki orðið
mikil breyting milli ára. Tvímælalaust sé af þessum staðreyndum, að eigna-
staða sóknaraðila gefi ekkert tilefni til þess að úrskurða tvöfalt meðlag.
Eignir séu ekki svo miklar, að á þær verði gengið eða hafa megi af þeim
arð.

Um ráðstöfunartekjur og skuldabyrði tekur sóknaraðili fram, að skoða
verði tekjur og gjöld í heild sinni, til þess að unnt sé að leggja mat á raun-
verulegt bolmagn sóknaraðila til þess að greiða aukið meðlag. Um eigin að-
stæður bendir sóknaraðili á, að samkvæmt skattframtali sínu 1997 hafi
brúttótekjur sínar árið 1996 numið 4.069.348 kr., einfalt meðlag með sonun-
um B og C 259.056 kr. og barnabætur 71.824 kr., samtals 4.400.228 kr. Rétt
sé að taka fram, að inni í launatekjum þetta ár séu 248.109 kr., sem voru
viðbótargreiðsla vegna vangreidds orlofs frá fyrri árum samkvæmt dómi Fé-
lagsdóms. Því sé rétt að miða við rauntekjur, að fjárhæð 4.152.119 kr. Frá
þeim tekjum beri að draga 1.412.019 kr. vegna staðgreiðslu skatta, 102.597
kr. vegna framlags í lífeyrissjóð og 151.116 kr. vegna einfalds meðlags með
D. Þá liggi fyrir, að afborganir af lánum vegna öflunar húsnæðis hafi numið
730.818 kr. Sóknaraðili telur, að miðað við þessar forsendur, sem ætla megi,
að breytist lítið milli ára, séu þá eftir 1.755.569 kr. til þess að greiða aðra út-
gjaldaliði þriggja manna fjölskyldu sóknaraðila. Við mat á því, hvað séu
eðlileg útgjöld fjölskyldu af þessari stærð, verði að leggja til grundvallar
einhvern meðalmælikvarða, svo að sérstök eyðslusemi skekki ekki mynd-

ina. Í því sambandi sé nærtækt að líta til neyslukönnunar, sem Hagstofa Íslands hafi gefið út í apríl 1997 samkvæmt lögum nr. 12/1995 um vísitöluverð og tók til 1345 íslenskra fjölskyldna. Niðurstaða þeirrar könnunar sýni, að þegar um sé að ræða þrjá í fjölskyldu eins og í tilvikum sóknaraðila, sé meðalneysla fjölskyldunnar 2.059.128 kr. Niðurstaðan af öllu framsögðu sé þá sú, ef lögð eru til grundvallar opinber gögn um meðalneysluvenjur íslenskra fjölskyldna, húsnæðiskostnaður sóknaraðila og launatekjur að fráðregnum sköttum og meðlagi, að 305.559 kr. vanti á, að tekjur sóknaraðila dugi fyrir framfærslu þeirrar fjölskyldu, sem hann elur önn fyrir.

Þá skírskotar sóknaraðili til þess, að samkvæmt niðurstöðu könnunar, sem Félag einstæðra foreldra gerði á framfærslu barna, hafi kostnaður vegna framfærslu 13–15 ára barns verið 412.757 kr. árið 1991. Fram lagðir búreikningar sóknaraðila séu í samræmi við þessar niðurstöður. Af þessu megi sjá, að sóknaraðili geti ekki risið undir þeirri kröfu, sem gerð sé á hendur honum.

Varakröfu sína styður sóknaraðili því, að krafan geti ekki byrjað að bera dráttarvexti fyrr en frá uppkvaðningu úrskurðar dómsmálaráðuneytis. Um sé að ræða lögheimilað málskot, og sé ekkert lagaákvæði því til stuðnings, að heimilt sé að reikna dráttarvexti fyrr. Krafan stofnist ekki fyrr en við uppkvaðningu úrskurðar ráðuneytis. Um niðurfellingu á fjárnámi vegna innheimtubóknunar er vísað til þess, að hvorki sé lagaheimild né venja fyrir því að krefjast sérstakrar innheimtubóknunar vegna þess eins að rita aðfararbeiðni vegna aðfararhæfs úrskurðar.

III.

Málsástæður og lagarök varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila er ekki gerður ágreiningur um heimild dómstóla til umfjöllunar um ágreiningsefni málsins og endurskoðunar á efni úrskurða, sem kröfur máls þessa séu reistar á, en meginkrafa varnaraðila í málinu er um staðfestingu aðfarargerðar, eins og í kröfugerð greinir.

Af hálfu varnaraðila er tekið fram, að ágreiningsefni máls þessa varði innheimtu á kröfu vegna vangoldins einfalds viðbótarmeðlags með barninu D, sem lýtur forsjá varnaraðila, eins og hann hafi gert frá skilnaði aðila árið 1994. Um sé að ræða meðlagsskuld á tímabilinu 1. 4. 1994 til og með 1. 9. 1997 samkvæmt úrskurði sýslumanns Hafnarfjarðar, sem staðfestur hafi verið af dómsmálaráðuneytinu árið 1996. Viðbótarmeðlag fyrir allt tímabilið sé ógreitt sem og þau viðbótarmeðlög, er fallið hafa frá 1. september 1997. Um lága mánaðarlega fjárhæð sé að ræða, 10–12 þúsund kr., fjárhæð, sem sé ekki líkleg til að breyta miklu um mánaðarlega afkomu

sóknaraðila miðað við staðreyndir um tekjur hans, en skipti miklu fyrir varnaraðila á sama tímabili, sem hafði mun lægri tekjur en sóknaraðili. Gildur meðlagsúrskurður hafi staðið allt það tímabil, sem til umfjöllunar sé í máli þessu, en hefði sóknaraðili á sama tímabili talið sig hafa annast framfærslu D, hefði hann getað gert kröfu til sýslumanns um, að meðlagsgreiðslur yrðu felldar niður fyrir hluta tímabilsins eða tímabilið í heilu lagi, sem hann hafi ekki kosið að gera. Þá gæti og misskilnings um eðli meðlagsgreiðslna í málatilbúnaði sóknaraðila, og er á það bent, að meðlag sé einnig greitt í málum, þar sem um sameiginlega forsjá sé að ræða, enda þótt kostnaði af framfærslu barns sé að öðru leyti að meginstefnu til skipt jafnt á milli aðila.

Viðbótarmedlag það, sem stefnanda hafi verið gert að greiða með barninu D, hafi verið ákvarðað með vísan til ákvæða barnalaga nr. 20/1992 og þá með vísan til 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 11. gr. Forsendur hafi komið fram, og sé um vandaða úrlausn að ræða bæði hjá sýslumanni í Hafnarfirði og dómsmálaráðuneyti, og er vísað til þess til rökstuðnings sem og til forsendna í fyrri dómi Héraðsdóms Reykjaness í ágreiningi aðila. Þá sé ljóst, að ágreiningur aðila hafi fengið óvenjulega ýtarlega meðferð á stjórnsýslustigi, þar sem gætt hafi verið allra lögboðinna sjónarmiða, þó að sóknaraðili kjósi að halda öðru fram andstætt gögnum málsins.

Í gögnum máls þessa sé ýtarlega fjallað um lagaskilyrði 2. mgr. 10. gr. laga nr. 20/1992. Fyrsta skilyrðið lúti að þörfum barnsins D í forsjá móður sinnar á því meðlagstímabili, sem um sé deilt í máli þessu. Sé hér vísað til rökstuðnings í fyrri úrskurðum, sem standi til þess, að á því tímabili, sem um sé deilt og til innheimtu, hafi þarfir barnsins staðið til, að það nyti a. m. k. tvöfalds meðlags frá föður. Annað lagaskilyrði lúti að aflahæfi aðila, sem á sé tekið í úrskurðum á sama hátt og við eigi um hið fyrra. Ljóst sé, að aflahæfi sóknaraðila hafi markast af því, að hann hafi haft í forsjá sinni ungt barn og aflahæfi aðila ekki jafnt vegna menntunar og tekjumögleika. Sé um þessi atriði vísað til fyrri úrskurða og greinargerða, eftir því sem við eigi. Þriðja lagaskilyrðið lúti að fjárhagsstöðu aðila, en frammi í málinu liggi skattframtöl þeirra árin 1995 til 1997 og framtal varnaraðila árið 1998. Þá liggi fyrir gögn um skiptingu eigna og skulda aðila, sem skipt var jafnt, hvað sem líði fullyrðingum um ójöfnuð. Sé litið til fjárhagsstöðu aðila á umræddu tímabili meðlagskrafna, sé ljóst, að staða sóknaraðila sé betri en varnaraðila og sé að batna. Á sama tíma hafi versnað staða varnaraðila, sem safnaði skuldum. Um fjárhagsstöðu aðila sé að öðru leyti vísað til framlagðra skattframtala þeirra á því tímabili, sem um ræðir, fyrri greinargerða og úrskurða í máli þessu. Fyrir liggi, að á tímabilinu sé brúttótekjumunur

aðila málsins fjór- til sexfaldur og munur á eignastöðu í lok ársins 1996 rúmlega ferfaldur. Fjárhagsstaða varnaraðila hafi að sönnu batnað í lok árs 1997 vegna arfs eftir föður sinn, en ljóst sé, að fráleitt sé, að sóknaraðili njóti þess arfs í því, að það felli niður skyldu hans til framfærslueyris með barni sínu á fyrri árum. Séu gögn um arfshluta stefndu lögð fram til upplýsinga til að mæta kröfu sóknaraðila, en bent á, að þau gögn hafi ekki þýðingu fyrir málið, eins og það liggi fyrir.

Um málsástæður sóknaraðila að öðru leyti er á það bent, að sóknaraðili hafi ákveðið að safna meðlagsskuld við varnaraðila í stað þess að greiða áfallandi viðbótarmedlag, sem ekki hefði haft mikil áhrif á fjárhag sóknaraðila, er fái tvö meðlög greidd frá varnaraðila í hverjum mánuði. Í því samhengi séu fráleitt rök í þá veru, að rétt sé að fella niður meðlagsgreiðslur, þar sem skuldin sé orðin há, enda þurfi ekki að fjölyrða, hverju það hafi varðað varnaraðila að fá ekki meðlagið greitt á sama tíma miðað við tekjur hennar og fjárhagsstöðu að öðru leyti. Verði fallist á þessi sjónarmið, væri það niðurstaða um, að ætíð skuli fella niður meðlög, takist að draga greiðslur, svo sem um sé að ræða í máli þessu.

Um vaxtakröfu liggi það fyrir, að í málinu sé krafist vaxta frá úrskurði sýslumanns í Hafnarfirði, sem staðfestur hafi verið af dómsmálaráðuneyti, og því talið rétt að krefjast vaxta frá þeim tíma, sem fallist hafi verið á í fyrri ágreiningi aðila. Þá liggi og fyrir, að meðlag skuli greiða 1. hvers mánaðar fyrir fram.

Um innheimtuþóknun lögmanns varnaraðila fer sú krafa að venju, skaðleysissjónarmiðum og gjaldskrá lögmanns sóknaraðila sem og forsendum fyrra úrskurðar. Fyrir liggi, að krafa sú, sem hér sé deilt um, sé gjaldfallin og ógreidd og hafi verið falin lögmanni til innheimtu. Innheimtulaun séu samkvæmt gjaldskrá, sem sé venjuleg og kveði á um tiltölulega lágt endurgjald til handa lögmanni varnaraðila og endurspegli kostnað varnaraðila af því að láta innheimta kröfu sína.

Um málskostnaðarkröfu í málinu er vísað til ákvæða laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, 129. gr., sbr. 130. gr., sem og reglna um virðisaukaskatt. Varnaraðili hafi sótt um gjafsókn í máli þessu og sé málskostnaðarkrafa gerð í samræmi við það.

Um lagarök vegna aðfarargerðar er vísað til aðfararbeiðni, aðfarargerðar og aðfararlaga nr. 90/1989. Þá er vísað til ákvæða einkamálalaga nr. 91/1991 og barnalaga nr. 20/1992, eftir því sem við á.

Niðurstaða.

Mál þetta er til úrlausnar fyrir héraðsdómi á grundvelli 1. mgr. 92. gr. aðfararlaga nr. 90/1989 vegna ágreinings um fjárnám, sem gert var í íbúð sóknaraðila að ..., Hafnarfirði, 23. janúar 1998. Fjárnám þetta fór fram að kröfu varnaraðila vegna ógreiddra meðlaga sóknaraðila fyrir tímabilið 1. apríl 1994 til og með 1. september 1997. Grundvöllur þeirrar aðfarar var úrskurður sýslumannsins í Hafnarfirði frá ... samkvæmt 1. mgr. 24. gr. barnalaga nr. 20/1992, sem staðfestur var með úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins ... Aðfarargerðin styðst við 5. tl. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga nr. 90/1989, og var hún árituð af héraðsdómara í samræmi við ákvæði 2. mgr. 12. gr., sbr. 1. tl. 1. mgr. 11. gr. laganna. Krafa sóknaraðila um það, að fjárnámið yrði felld úr gildi, barst Héraðsdómi Reykjaness ... og því innan tilskilins frests samkvæmt 1. mgr. 92. gr. aðfararlaga.

Ágreiningslaust er með aðilum, að dómurinn hafi fulla heimild til að meta öll þau atriði, er aðfarargerðina varðar, þ. m. t. efnislegt réttmæti kröfu gerðarbeiðanda.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. barnalaga nr. 20/1992 er foreldrum skylt, báðum saman og hvoru um sig, að framfæra barn sitt. Ef ágreiningur er um framfærslu barna, úrskurðar sýslumaður um framfærslueyri að kröfu annars hvors foreldris samkvæmt 20. gr. barnalaga. Framfærslueyri skal ákveða með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra samkvæmt 2. mgr. 10. gr. barnalaga. Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri nemur, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar, né heldur takmarka meðlagsskyldu við lægri aldur en átján ár, sbr. 2. mgr. 11. gr. barnalaga.

Ágreiningsefni máls þessa varðar það, hvort sóknaraðili beri að greiða viðbótarmeðlag með barninu D, sem lýtur forsjá varnaraðila.

Aðalkröfu sína um það, að fjárnámið verði felld úr gildi, styður sóknaraðili einkum eftirgreindum málsástæðum:

Í fyrsta lagi er á það bent um þarfir barns, að varnaraðili hafi ekki haft meiri útgjöld af barninu D en nemi barnabótum og einföldu meðlagi þess. Þessu til stuðnings heldur sóknaraðili því fram, að D hafi dvalist mikið hjá sóknaraðila, allt frá skilnaði foreldra. Að meginstefnu til hafi D verið hjá sóknaraðila frá vori 1997. Gögn málsins benda til þess, að drengurinn hafi dvalist töluvert hjá sóknaraðila, einkum í seinni tíð, en ekkert liggur fyrir um, að sóknaraðili hafi af þeim sökum óskað eftir því, að meðlagsúrskurðinum yrði breytt, sbr. 1. mgr. 16. gr. barnalaga. Þá verður ekki talið, að um hafi verið að ræða hinar sérstöku ástæður, sem áskildar eru samkvæmt 2.

mgr. 16. gr. barnalaga, sem réttlæti frávik frá þeirri meginreglu, að ákvörðun um framfærslueyri, sem eindagaður er, áður en krafa er uppi höfð, verði ekki breytt. Verður því ekki á þessa málsástæðu sóknaraðila fallist.

Í öðru lagi heldur sóknaraðili því fram, að aflahæfi varnaraðila sé umtalsvert meira en fram komi í gögnum málsins. Varnaraðili sé háskólamenntaður hjúkrunarfræðingur, þar sem laun fari eftir vaktavinnu og yfirvinnu, en grunnkaup dagvinnu sé tiltölulega lágt. Varnaraðili hafi kosið að vinna einungis dagvinnu og ganga ekki vaktir. Hún hafi einnig kosið að vinna ekki fullt starf. Ljóst þykir vera samkvæmt gögnum máls, að þótt varnaraðili ynni fullt starf utan heimilis á sínu starfssviði með þeim tekjumöguleikum, sem því starfi fylgja, hefði hún mun lægri tekjur en sóknaraðili. Verður ekki á fallist, að aflahæfi varnaraðila nái því að vera sambærilegt aflahæfi sóknaraðila.

Í þriðja lagi vísar sóknaraðili til þess, að fjárhagsaðstæður sínar, eins og þær voru við skilnað, gefi ekki tilefni til ákvörðunar um tvöfalt meðlag. Við skilnað aðila var búi þeirra skipt opinberum skiptum, og var um jöfn skipti að ræða. Fyrir liggur samkvæmt gögnum máls, að sóknaraðili er mun tekjuhærri en varnaraðili og aflahæfi hans meira miðað við stöðu aðila. Ekki verður séð, að greiðslubyrði sóknaraðila vegna afborgana og vaxta af lánum hafi verið slík, að skipt geti máli um greiðslu viðbótarmeðlags með einu barni. Þá ber og að líta til þess, að sóknaraðili fær frá varnaraðila meðlag með tveimur börnum þeirra. Niðurstöður neyslukönnunar Hagstofu Íslands og könnunar, sem Félag einstæðra foreldra gerði á framfærslu barna, er ekki unnt að leggja til grundvallar niðurstöðu í málinu sökum þess, hversu almenns eðlis þær eru. Þegar litið er til fjárhagsstöðu sóknaraðila, eins og um hana verður ráðið af gögnum máls, verður að telja, að hann hafi fjárhagsgetu til að greiða tvöfalt lágmarksmeðlag með syni sínum, D. Þá verður ekki talið, ef litið er til fjárhagsstöðu varnaraðila samkvæmt gögnum máls á því tímabili, sem hér um ræðir, og höfð hliðsjón af þörfum barnsins og högum foreldra að öðru leyti, sbr. 2. mgr. 10. gr. barnalaga nr. 20/1992, að sóknaraðili hafi fullnægt framfærsluskyldu sinni gagnvart D með greiðslu lágmarksmeðlags. Ber því að hafna aðalkröfu sóknaraðila í málinu um það, að fjárnámið verði felld úr gildi.

Varakrafa sóknaraðila tekur til þess, að fjárnámið verði felld niður að því leyti, sem það nær til tryggingar á dráttarvöxtum og innheimtubókun. Ekki verður fallist á þann skilning sóknaraðila, að dráttarvextir falli ekki á fyrr en með uppkvaðningu úrskurðar dómsmálaráðuneytisins í desember 1996. Með þeim úrskurði var staðfestur úrskurður sýslumannsins í Hafnarfirði um það, að sóknaraðili skyldi greiða tvöfalt meðlag með syni sínum,

D, frá 1. apríl 1994 að telja. Heimilt var því að krefjast greiðslu dráttarvaxta frá þeim tíma, sbr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Innheimtuþóknun er í samræmi við gjaldskrá lögmanns varnaraðila og þykir eðlileg eftir atvikum. Aðför til fullnustu dráttarvaxta og innheimtuþóknunar kröfunnar var heimil samkvæmt 2. mgr. 1. gr. aðfararlaga nr. 90/1989. Ber því einnig að hafna varakröfu sóknaraðila í málinu.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta fjárnám, sem fram fór hjá sýslumanninum í Hafnarfirði 23. janúar 1998 í aðfaramálinu 36/1997/03508, þar sem gert var fjárnám að kröfu varnaraðila í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni að ..., Hafnarfirði, 1. hæð til vinstri, fyrir fjárkröfu, að fjárhæð 606.417 krónur, auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar.

Málskostnaður verður felldur niður. Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns varnaraðila, Halldórs Þ. Birgissonar hdl., sem ákveðst 200.000 krónur með hliðsjón af fram lögðum málskostnaðarreikningi og tímaskýrslu. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Eggert Óskarsson, settur héraðsdómari, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfest er fjárnám, sem fram fór hjá sýslumanninum í Hafnarfirði 23. janúar 1998 í aðfaramálinu 36/1997/03508, þar sem gert var fjárnám að kröfu varnaraðila í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni að ..., Hafnarfirði, 1. hæð til vinstri, fyrir fjárkröfu, að fjárhæð 606.417 krónur, auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns varnaraðila, Halldórs Þ. Birgissonar hdl., 200.000 krónur.